



## Móttökuáætlun nemenda með sérþarfir og nýbúa

Í Egilsstaðaskóla er formlega tekið á móti öllum nýjum nemendum (sjá móttökuáætlun Egilsstaðaskóla). Auk hefðbundinnar móttöku nýnema gildir móttökuáætlun nemenda með sérþarfir þegar það á við.

Sérkennsluþörf nemenda með sérþarfir í Egilsstaðaskóla er metin við hver annaskil. Einnig er þörfin metin út frá gögnum sem berast frá leikskólum eða þeim skóla sem nemandinn kemur úr. Nemendur sem falla undir viðmið um fatlanir fá sérkennslu eða stuðning eins og með þarf hverju sinni enda hafi greining á erfiðleikum eða fötlun farið fram af viðurkenndum aðilum.

**Skil milli leik- og grunnskóla:** Árlega að vori hittast tilvonandi kennarar 1. bekkjar, leikskólakennarar, deildarstjóri yngsta stigs sem jafnframt er deildarstjóri sérkennslu á því stigi og skólastjóri. Á þessum fundi er farið yfir málefni einstakra nemenda sem eru að hefja nám að hausti. Á fundinum fær skólinn afhent trúnaðargögn hvers barns með vitund foreldra. Egilsstaðaskóli og leikskólinn Tjarnarskógur hafa með sér skipulagt samstarf um heimsóknir leikskólabarna í skólann til þess að auðvelda upphaf skólagöngu þeirra.

**Kennsla nýbúa:** Við fyrstu komu í skólann hitta foreldrar og nemandi móttökustjórann ásamt túlki. Farið er yfir almennar upplýsingar skv. móttökuáætlun. Sérstakt upplýsingablað liggur fyrir þar sem farið er yfir bakgrunn nemandans. Móttökuteymi er virkjað en í því sitja náms- og starfsráðgjafi, umsjónarkennari, sérkennari og deildarstjóri. Margt er framandi í íslenskum skólum og tekur það tíma fyrir nemandann að ná tökum á nýju tungumáli og læsi á nýjan menningarheim. Móttökuteymið hittist reglulega, fari yfir stöðuna..

**Skipulag sérkennslu/stuðnings:** Deildarstjóri sérkennslu hvers námsstigs skipuleggur sérkennslu í samráði við umsjónarkennara. Sérkennsla getur verið í stuttan tíma eða út alla skólagöngu barnsins. Stefna skólans er að einstaklingsmiða nám við hæfi hvers og eins nemanda. Sérkennslan fer fram innan bekkjar eða í hópherbergi (námsveri) eftir því hvað hentar nemendum best. Sérkennari ber megin ábyrgð á kennslunni og vinnur náið með umsjónarkennara og deildarstjóra.

**Kennslan:** Sérkennari skipuleggur og sér um kennsluna. Stuðningsfulltrúi eða þroskaþjálfari fylgir oft nemendum með sérþarfir og vinna þeir undir leiðsögn sérkennara, umsjónarkennara eða deildarstjóra eftir því sem við á. Stuðningsfulltrúi eða þroskaþjálfari fylgja nemendum með sérþarfir í námsgreinar eftir þörfum.

**Einstaklingsmarkmið:** Sérkennari undir handleiðslu deildarstjóra gerir einstaklingsnámskrá fyrir nemendur. Einstaklingsnámskráin er unnin í samráði við umsjónarkennara. Í námskránni koma fram koma langtíma- og skammtímamarkmið og tekið er fram hvaða leiðir eru að markmiðum, hvernig námsmati er háttað, samvinna við foreldra og hvaða námsefni er stuðst við/unnið með. Námskráin er borin undir samþykki foreldra.

**Hjálpartæki:** Í hverju tilfelli fyrir sig er metið hvaða hjálpartæki gagnast best í kennslu nemenda, s.s. með tölva, forrit og annar búnaður. Ef mælt er með sérstökum búnaði útvegar skólinn hann t.d. með leigu á tækjum.

**Samstarf við foreldra:** Þar sem þörf er talin á eru haldnir reglulegir teymisfundir þar sem kennarar, deildarstjóri, foreldrar og þjónustuaðilar utan skólans þegar við á, hittast og fara yfir stöðu mála.

---

**Samstarf innan skólans:** Vikulega eru fundir um málefni einstakra nemenda. Á fundunum sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar sérkennslu, náms- og starfsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur. Á þeim fundum er farið yfir mál einstakra nemenda innan skólans. Nemendaverndarráðsfundir eru mánaðarlega og sitja þá fundi auk fyrrnefndra aðila sálfræðingur frá Skólaskrifstofu Austurlands og fulltrúi frá félagsþjónustunni. Aðrir sérfræðingar eru kallaðir inn eftir þörfum. Nemendaráð hefur lögbundið hlutverk samkvæmt grunnskólalögum. **Ráðgjöf:** Skólaskrifstofa Austurlands sinnir sérfræðiráðgjöf til skólans vegna námserfiðleika, hegðunar og tilfinningalegra erfiðleika. Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs veitir ráðgjöf ráðgjöf vegna nemenda sem falla undir viðmið um fötlun. Þegar óskað hefur verið eftir greiningu á þroska eða námstöðu nemenda eru haldnir skilafundir með foreldrum og kennurum og veitt ráðgjöf.

**Félagsleg þátttaka:** Skólinn er Oleweusar skóli og vinnur samkvæmt eineltisáætlun hans. Umsjónarkennarar eru vakandi hverju sinni yfir félagslegum tengslum nemenda. Tengiliðir foreldra í hverjum bekk sjá um félagsleg samskipti utan skólatíma nokkrum sinnum á ári. Nemendur sem standa höllum fæti félagslega er liðsinnt um vinatengsl t.d með viðtölum við náms- og starfsráðgjafa. Önnur félagstengsl utan skóla er í höndum foreldra hvers barns.